



Reykjavíkurborg

Skipulagsfulltrúi

# GUFUNES, SAMGÖNGUTENGINGAR

Skipulagslýsing fyrir deiliskipulag vegna nýrra samgöngutenginga úr Gufunesinu upp á Strandveg í Grafarvogi



Dags. 19. mars 2021

## Efnisyfirlit

INNGANGUR .....	2
AÐDRAGANDI OG TILGANGUR DEILISKIPULAGS.....	3
STAÐSETNING OG AFMÖRKUN.....	4
HELSTU VIÐFANGSEFNÍ OG MEGINMARKMIÐ.....	5
TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR .....	5
HALLSTEINSGARÐUR.....	7
UMHVERFISÁHRIF ÁÆTLUNAR .....	9
SKIPULAGSFERLIÐ .....	9
UMSAGNAR- OG HAGSMUNAAÐILAR .....	10

## INNGANGUR

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 segir að þegar vinna við gerð deiliskipulags hefst skuli sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur hún hafi við deiliskipulagsgerðina. Um er að ræða nýtt skipulag í tengslum við Gufunes, áfangi 1 deiliskipulag sem var dags. samþ. 21. febrúar 2019 m.s.br.

Forsaga þess er að haldin var hugmyndasamkeppni um skipulag Gufunessvæðisins í heild árið 2016 og vinningstillaga valin í lok árs 2016. Markmið borgarinnar með samkeppninni var að kalla eftir hugmyndum að skipulagi og hönnun fyrir svæðið sem væri í samræmi við meginstefnu í gildandi aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Skipulag svæðisins hafði lengi verið órcett og miklar umræður um framtíðarþróun þess, og var því kominn til að fá upp hugmyndir að framtíðarþróun og raunhæfar tillögur á svæðinu. Að það fái fallegt heildaryfirbragð og svæðið geti þróast og öðlast samhangandi hlutverk til framtíðar sem stuðlar að fjölbreyttri notkun þess. Vinningstillaga jvantspjíker + Felixx einblíindi á svæðið við gömlu Áburðarverksmiðjuna og hefur sem fyrr segir verið unnið deiliskipulag fyrir 1.áfanga þess og 2. áfangi er í undirbúningi. Framkvæmdir eru hafnar á nokkrum lóðum þar og almenn uppbygginga hafin að nokkru leyti. Svæðið mun taka á sig mynd á næstu 2-3 árum þegar íbúar fara að flytja inn og með auknum umsvifum fyrirtækja á svæðinu.



**Mynd 1. Vinningstillaga jvantspjíker + Felixx.**

## AÐDRAGANDI OG TILGANGUR DEILISKIPULAGS

Forsendur þessarar skiplagsvinna eru að þörf er á þeim samgöngutengingum frá nýlega skipulögðu svæði í Gufunesi, áfangi 1, þeim aksturstengingar og stíglatengingar upp á Strandveg til að tengja Gufunesið betur við Grafarvog. Samhliða þessu skipulagi þá verður farið í endurskoðun á deiliskipulagi fyrir útvistarsvæðið. Enn á eftir að móta hugmyndir um útvistarsvæðið eftir niðurstöður í fyrrnefndri samkeppni, en um er að ræða eitt mikilvægasta útvistarsvæðið í Grafarvogi og skilgreindan borgargarð í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 sem þarf að styrkja og gefa meira vægi. Uppbygging er hafin á svæði 1.áfanga í Gufunesi og þykir ljóst að með íbúum á svæðinu og meiri starfsemi með tíð og tíma þá kallað það á betri tengingar inn/ út úr hverfinu. Skoðaðar hafa verið samgöngutengingar til þess og m.a. varðandi skólatengingar. Sjá drög hér að neðan, mynd 3.



**Mynd 2. Gufunesi 1.áfangi, fjær sést í útvistarsvæðið.**



**Mynd 3. Fyrirhugaðar nýjar samgöngutengingar við svæðið í Gufunesi. Grófar skissur/ drög.**  
Vegtengingen er frá núverandi Gufunesvegi upp á Strandveg, en stíglatengingar liggja úr hverfinu að Hallsteinsgarði og tengist stígakerfinu þar.

## STAÐSETNING OG AFMÖRKUN

Skipulagssvæðið afmarkast af deiliskipulagi útvistarsvæðisins til suðurs, Gufunessvæðinu 1.áfanga til norðvesturs og norðurs og Strandvegi til austurs. Hallsteinsgarður er innan þessa svæðis. Nánari afmörkun verður sett fram í deiliskipulaginu. Um er að ræða tæplega 20 hekara svæði í heild. Ekki er gert ráð fyrir neinni uppbyggingu í þessu skipulagi umfram samgöngutengingar, en þá jafnframt yrði núverandi Hallsteinsgarður festur inn í skipulagsáætlunina.



Mynd 4. Afmörkun skipulagssvæðis. Hvítan línan afmarkar svæðið.

## HELSTU VIÐFANGSEFNI OG MEGINMARKMIÐ

Samráð var haft við Skipulagsstofnun áður en ákveðið var að vinna skipulagslýsingu og leiðbeiningar fengnar þaðan fyrir borgin til að meta næstu skref fyrirhugaðs skipulags. Þar kom m.a. fram að fyrirhugaðar tengingar eiga sér ekki stoð í aðalskipulagi, og því ekki hægt að skilgreina sem stofnstíga, stofn- eða tengibraut. Um yrði því að ræða innanhverfisveg og/ eða bráðabirgðatengingar veg- og stígatengingar skv. ákvörðun í deiliskipulagi. til að hægt sé að gefa út framkvæmdaleyfi þá þurfa slíkar framkvæmdir að eiga sér stoð í skipulagi. Vitað mál er að umræddar bráðabirgðatengingar þvera fyrirhugaða Sundabraut, og því eru vega- og stígatengingarnar víkjandi gagnvart stofnbraut Sundabrautar skv. aðalskipulagi, ef ekki næst að samtvinna þær inn í hönnun Sundabrautar þegar að því kemur.

Markmið með deiliskipulaginu eru m.a. að:

- Festa inn á deiliskipulag bráðabirgðatengingar fyrir innanhverfisveg og stígatengingar frá Gufunesinu upp á Strandveg í Grafarvogi.
- Tryggja góð tengsl við umhverfið með fyrirkomulagi stíga, gatna og opinna svæða.
- Fyrirhuguð lega Sundabrautar höfð til hliðsjónar og útfærsla rædd við Vegagerðina.
- Skoða gróðurfar og náttúrufar á svæðinu.
- Festa Hallsteinsgarð í sessi inn á deiliskipulag.
- Skoða möguleikann á bílastæðum og útsýnisstað við Hallsteinsgarð í tengslum við erfið gatnamót Strandvegar og Borgarvegar.

## TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

### Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030

Í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er svæðið skilgreint sem opið svæði (merkt OP8), um er að ræða svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarástöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar. Opna svæðið á Gufunesi er jafnframt nánar skilgreint sem borgargarður, en innan slíkra garða er gert ráð fyrir útivistariðkun og fjölbreyttri mannvirkjagerð af ýmsum toga sem tengist nýtingu og þjónustu svæðanna til útiveru, afþreyingar og leikja og allrar almennrar frístundaiðkunar. Einnig má gera ráð fyrir veitingaaðstöðu og veitumannvirkjum. Um Gufunesið segir nánar í B-hluta aðalskipulagsins fyrir borgarhluta 8 – Grafarvogur: „OP8 Gufunes. Gufunes er nesið austur af Viðeyjarsundi, suðvestan Eiðsvíkur. Gufunes var sjálfstæð jörð. Kirkja var þar komin um 1150 og henni fylgdi kirkjugarður. Gufuneskirkja var lögð niður 1886. Beinin úr kirkjugarðinum voru tekin upp árið 1968 og flutt í nýjan grafreit vegna byggingarframkvæmda við Áburðarverksmiðjuna. Svæðið var um langt skeið nýtt sem urðunarstaður. Nú á dögum er útvistarsvæðið í Gufunesi hluti af Grafarvogshverfi.

Norðaustan þess og norðan er Eiðsvík og Geldinganes og að sunnan Grafarvogurinn. Frístundamiðstöðin Gufunesbær var stofnuð haustið 1998 og sér íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur um hana.



**Mynd 5. Landnótkun á Gufunessvæðinu skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.**  
Uppbyggingarsvæðið í Gufunesi 1.áfangi er merkt með gulum lit, miðsvæði.

Sem fyrr segir þá varðandi bættar samgöngutengingar þá er uppbygging hafin á svæði 1.áfanga í Gufunesi og þykir ljóst að með íbúum á svæðinu og meiri starfsemi með tið og tíma þá kallað það á betri tengingar inn/ út úr hverfinu. Í aðalskipulagi Reykjavíkur þá stendur til að stækka skilgreindra svæðið fyrir miðsvæði um 8,5 ha og fer deiliskipulagsvinna þess efnis af stað á árinu 2021 að loknum fornleifarannsóknum á 2.áfanga í Gufunesinu. Syðsti hluti svæðisins verður þó áfram iðnaðarsvæði (móttökusvæði Sorpu). Jafnframt þá er Sundabrautin sem þverar svæðið í Gufunesi sbr. mynd 1 sýnir.



Mynd 6. Uppbyggingarsvæðið í Gufunesi 1.áfangi er merkt með gulum lit, miðsvæði.


Fyrirhugað stækkunarsvæði miðsvæðis í aðalskipulagi er sýnt blámerkt.

## HALLSTEINSGARDUR

Ekki er í gildi neitt deiliskipulag fyrir skipulagssvæðið en árið 1992 var samþykkt afmörkun og stækkun á höggmyndagarði vestan við Gufunesmela. Um er að ræða hinn svokallaða Hallsteinsgarð sem er með tæplega 1,5 hektara landsvæði fyrir höggmyndir sínar. Ekki er hins vegar um eiginlegt deiliskipulag að ræða heldur skilgreint svæði til notkunar fyrir ákveðna starfsemi. Um garðinn liggja góðar stígatengingar.

Texti af vef Listasafns Íslands, <https://listasafnreykjavikur.is/fraedsla/ahugavert-efni/hallsteinsgardur>

Árið 2013 tók Listasafn Reykjavíkur við gjöf Hallsteins Sigurðssonar myndlistarmanns til Reykvíkinga. Um var að ræða 16 höggmyndir úr óli sem Hallsteinn kom fyrir í landi Gufunes á árunum 1989 til 2012 og standa á hæð austan við gömlu áburðarverksmiðjuna í Gufunesi. Í dag er þar skemmtilegur gróinn höggmyndagarður, þar sem skúlptúrarinnir hafa notið sín og veitt gestum og gangandi ánægju eftir að byggð þéttist og eitt stærsta úthverfi í Reykjavík, Grafarvogur, byggðist upp. Verk Hallsteins Sigurðssonar eru víða á söfnum, í einkaeign og í almenningsrými. Hann hefur haldið á annan tug einkasýninga og tekið þátt í fjölmögum samsýningum. Hallsteinsgarður er tilvalinn vettvangur fyrir skóla í Grafarvogi til að nýta í námi og leik.



Mynd 7. Afmörkun Hallsteinsgarðs, samþykkt árið 1992.



Mynd 8. Hallsteinsgarður, séð til norðurs. Mynd tekin af vef Reykjavíkurborgar.



**Mynd 9. Frá Hallsteinsgarði. Mynd tekin af vef Listasafnsins.**

## UMHVERFISÁHRIF ÁÆTLUNAR

Ekki hefur verið unnið umhverfismat fyrir svæðið. Um er að ræða að mestu leyti einhvers konar raskað svæði auk Hallsteinsgarðs. Umrætt svæði er það jafnframt að einhverju leyti fyrirhugað vegstæði Sundabrautar í Gufunesi skv. aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

Samhliða deiliskipulaginu verður unnin umhverfisskýrsla þar sem helstu umhverfiþættir verða metnir, m.a. áhrif á samgöngur, landnotkun, loftgæði, gróður, samfélag, landslag, ásýnd o.fl.

## SKIPULAGSFERLIÐ

### Tímasetning helstu verkáfanga og kynningar fyrir almenning:

- |                 |   |
|-----------------|---|
| Mars/apríl 2021 | Lýsing samþykkt í Skipulags- og samgönguráði og Borgarráði.   |
| Apríl 2021      | Lýsing auglýst og send til umsagnar- og hagsmunaaðila.  |
| Maí/ júní 2021  | Deiliskipulagstillaga í vinnslu.  |
| Júní/júlí 2021  | Deiliskipulagstillaga afgreidd og samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa, fundi Skipulags- og samgönguráðs og borgarráðs. |

Júlí/Ágúst 2021	Deiliskipulagstillaga kynnt og auglýst.
September 2021	Athugasemdum svarað, svörin afgreidd í Skipulags- og samgönguráði.
September 2021	Svör tekin fyrir í borgarráði.
Október 2021	Tillaga send Skipulagsstofnun.
Okt/Nóv 2021	Tillaga auglýst í B-deild Stjórnartíðinda, skipulag tekur gildi.

Með skipulagslýsingunni þá er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar inn í fyrirhugaða deiliskiplagsvinnu.

Skipulagslýsingin verður gerð aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar. Ábendingar og athugasemdir sendist á [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is)

## UMSAGNAR- OG HAGSMUNAAÐILAR

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Borgarsögusafn Reykjavíkur

OR/Veitur

Samgöngustjóri Reykjavíkur USK

Skrifstofa Umhverfisgæða USK

Íbúaráð Grafarvogs

Íbúasamtök Grafarvogs

Vegagerðin

Listasafn Reykjavíkur

## USK Skipulag

---

**Frá:** Þórólfur Jónsson  
**Sent:** mánudagur, 12. apríl 2021 14:43  
**Til:** USK Skipulag  
**Afrit:** Guðmundur Benedikt Friðriksson  
**Efni:** SV: Gufunes, samgöngutengingar

**Eftirfylgniflagg:** Fylgja eftir  
**Flaggstaða:** Lokið

Góðan dag !

Ekki eru gerðar athugasemdir við skipulagslýsingu Gufuness, samgöngutengingar en gert er ráð fyrir að skrifstofa umhverfisgæða hafi að komu að móturn skipulagsins.

Með kveðju

Þórólfur Jónsson  
Landslagsarkitekt FÍLA

Deildarstjóri náttúru og garða  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Borgartúni 12-14  
Sími +354 411 1111  
[thorolfur.jonsson@reykjavik.is](mailto:thorolfur.jonsson@reykjavik.is)

---

**Frá:** Guðmundur Benedikt Friðriksson <[gudmundur.b.fridriksson@reykjavik.is](mailto:gudmundur.b.fridriksson@reykjavik.is)>  
**Sent:** þriðjudagur, 6. apríl 2021 14:35  
**Til:** Þórólfur Jónsson <[thorolfur.jonsson@reykjavik.is](mailto:thorolfur.jonsson@reykjavik.is)>  
**Efni:** FS: Gufunes, samgöngutengingar

Sæll Þórólfur

Tekur þú þessa umsögn.

Kv.,  
M

---

**Frá:** USK Skipulag <[skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is)>  
**Sent:** þriðjudagur, 6. apríl 2021 09:38  
**Til:** Heilbrigðiseftirlit <[heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is](mailto:heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is)>; Borgarsögusafn <[borgarsogusafn@reykjavik.is](mailto:borgarsogusafn@reykjavik.is)>; 'veitur@veitur.is' <[veitur@veitur.is](mailto:veitur@veitur.is)>; USK\_Samgöngustjóri\_og\_borgarhönnun <[USK\\_Samgongustjori\\_og\\_borgarhonnun@reykjavik.is](mailto:USK_Samgongustjori_og_borgarhonnun@reykjavik.is)>; Íbúaráð Grafarvogur <[ibuarad.grafarvogur@reykjavik.is](mailto:ibuarad.grafarvogur@reykjavik.is)>; 'vegagerdin@vegagerdin.is' <[vegagerdin@vegagerdin.is](mailto:vegagerdin@vegagerdin.is)>; Listasafn Reykjavíkur <[listasafn@reykjavik.is](mailto:listasafn@reykjavik.is)>  
**Afrit:** Guðmundur Benedikt Friðriksson <[gudmundur.b.fridriksson@reykjavik.is](mailto:gudmundur.b.fridriksson@reykjavik.is)>  
**Efni:** Gufunes, samgöngutengingar

Góðan dag,

Á fundi borgarráðs 25. mars 2021 var lögð fram skipulagslýsing umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 19. mars 2021 fyrir nýtt deiliskipulag. Um er að ræða tæplega 20 hektara svæði og er markmið skipulagsins m.a. að festa inn á deiliskipulag bráðabirgðatengingar fyrir innanhverfisveg og stígtengingar frá Gufunesinu upp á Strandveg í Grafarvogi, ásamt því að tryggja góð tengsl við umhverfið með fyrirkomulagi stíga, gatna og opinna svæða. Hafa þarf í huga fyrirhugaða legu Sundabrautar við skipulagsvinnuna. Jafnframt verður Hallsteinsgarður og nærumhverfi fest í sessi inn á deiliskipulag.

Lýsingin var samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óskað er eftir að ábendingar/umsagnir berist eigi síðar en 5. maí 2021.

Samþykkt var að leita umsagna um lýsinguna hjá eftirfarandi aðilum/stofnunum: hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Borgarsögusafni Reykjavíkur, OR/Veitum, Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar USK, Skrifstofu Umhverfisgæða USK, Íbúaráði Grafarvogs, Vegagerðinni og Listasafni Reykjavíkur.

Lýsingin er aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is undir skipulag í kynningu

Kveðja,  
Þuríður Guðmundsdóttir  
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið  
Skrifstofa skipulagsfulltrúa  
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík  
Sími: 411-1111 - Netfang: [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is)  
Leiddu hugann

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

## Þuríður Guðmundsdóttir

---

**Frá:** Helga Rún Guðmundsdóttir <Helga.Run.Gudmundsdottir@veitur.is>  
**Sent:** 13. apríl 2021 08:08  
**Til:** Þuríður Guðmundsdóttir  
**Efni:** Gufunes, samgöngutengingar

Sæl Þuríður,

Veitur vilja koma með ábendingu á framfæri til verkefnastjóra Gufunes, áfangi 1. aksturstengingar um að gera þurfi ráð fyrir lagnaleiðum meðfram akbrautum og gönguleiðum og óska eftir góðu samráði við Reykjavíkurborg

Kær kveðja,

### Helga Rún Guðmundsdóttir

Sérfræðingur í umhverfis- og skipulagsmálum  
Tækniþróun / Veitur  
Sími: 516 6000 | Farsími: 6176691 | Netfang: [Helga.Run.Gudmundsdottir@veitur.is](mailto:Helga.Run.Gudmundsdottir@veitur.is)  
Veitur | [www.veitur.is](http://www.veitur.is)



Fyrirvari / Disclaimer: <http://www.veitur.is/fyrirvaridisclaimer>



Umhverfis og skipulagssvið Reykjavíkur  
Borgartúni 12 – 1  
105 Reykjavík

Reykjavík, 05.05.2021

**Efni: Umsögn Veitna vegna skipulagslýsingar fyrir nýtt deiliskipulag Gufunes, samgöngutengingar**

Veitur hafa rýnt lýsingu fyrir nýtt deiliskipulag Gufunes, samgöngutengingar. Um er að ræða tæplega 20 hektara svæði og er markmið skipulagsins m.a. að festa inn á deiliskipulag bráðabirgðatengingar fyrir innanhverfisveg og stígatengingar frá Gufunesinu upp á Strandveg í Grafarvogi, ásamt því að tryggja góð tengsl við umhverfið með fyrirkomulagi stíga, gatna og opinna svæða. Hafa þarf í huga fyrirhugaða legu Sundabrautar við skipulagsvinnuna. Jafnframt verður Hallsteinsgarður og nærumhverfi fest í sessi inn á deiliskipulag.

Veitur benda á mikilvægi þess að gert sé ráð fyrir lagnaleið meðfram akbraut og gönguleiðum í nýju deiliskipulagi Gufunes. Veitur leggja áherslu á að deiliskipulagið verði unnið í góðu samráði og að Veitum berist upplýsingar um áform og tímasetningar svo hægt sé að huga að nýrri lagnaleið og færslu lagna þar sem þess er þörf.

Virðingarfyllst,  
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir



Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi  
Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. maí 2021  
Tilvísun: 2021040187/10.3

**Efni: Umsögn Umhverfiseftirlits Reykjavíkur vegna skipulagslýsingar vegna nýrra samgöngutenginga í Gufunesi.**

Vísað er til bréfs skrifstofu skipulagsfulltrúa dags. 6. apríl 2021 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um tillögu umhverfis- og skipulagssviðs að skipulagslýsingu vegna nýrra samgöngutenginga í Gufunesi. Markmið skipulagsins er m.a. að festa inn á deiliskipulag bráðabirgðatengingar fyrir innanhverfisveg og stígatengingar frá Gufunesinu upp á Strandveg í Grafarvogi, ásamt því að tryggja góð tengsl við umhverfið með fyrrkomulagi stíga, gatna og opinna svæða. Hafa þarf í huga fyrirhugaða legu Sundabrautar við skipulagsvinnuna. Jafnframt verður Hallsteinsgarður og nærumhverfi fest í sessi inn á deiliskipulag. HER hefur farið yfir erindið og þau gögn sem því fylgja og hefur ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna en vill koma að eftirfarandi ábendingum. Svæðið er næri gömlum sorphaugum auk þess sem mengandi starfsemi hefur verið í nágrenninu. Komi á einhverjum stigum í ljós úrgangur eða mengun í jarðvegi ber að gera HER viðvart. Einnig er minnt á reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg og viðbrögð ef í ljós kemur mengaður jarðvegur.

HER áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir við fyrirhugað skipulag á síðari stigum.

Virðingarfallst  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Guðjón Ingi Eggertsson  
heilbrigðisfulltrúi

5.5.2021

## Grafarvogur – Reykjavík

Vegna Skipulagslýsing fyrir deiliskipulag vegna nýrra samgöngutenginga úr Gufunesinu upp á Strandveg í Grafarvogi

Íbúaráð Grafarvogs fagnar því að Hallsteinsgarður sé festur í sessi inn á deiliskipulagi og honum gefið meira vægi. Skilningur ríkir á þörf þess að bæta veg- og stígatengingar frá Gufunesi að Grafarvogi. En vill ráðið benda á mikilvægi þess að þær séu hannaðar í samræmi við áætlaða legu Sundabrautar og helst þau svæðið þar sem Sundabraut og nýjar teningar skarast verð leyst samtímis. Einnig ætlast ráðið til þess að lega nýrrar aksturstengingar verði útfærð á sem öruggastan hátt. Er þar sérstaklega bent á tengingu hennar við Strandveg með tilliti til sjónvegalenda og gatnamóta. Telur Íbúaráðið að farsælasta lausnin sé að tengja nýju veggtinguna við Strandveg með hringtorgi þar sem núverandi gatnamót Strandvegar og Rimaflatar eru.

Íbúaráðs Grafarvogs